

ÁKVÖRDUN nr. 200

2008/EES35/18

frá 15. desember 2004

um starfsemi og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaråd um félagslegt öryggi farandlaunþega (*)

(2005/324/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af d-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs, einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að gagnaflutningi með hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki, með það í huga að flýta fyrir greiðslu bóta,

1. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega kemur á fót tækninefnd um gagnavinnslu sem kveðið er á um í 1. mgr. 117 gr. c í reglugerð (EBE) nr. 574/72. Hún skal nefnd „Tækninefndin“.

2. Tækninefndin sinnir þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 117. gr. c í reglugerð (EBE) nr. 574/72.

3. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega ákvarðar umboð með tilliti til sérverkefna tækninefndarinnar og getur það breytt þessum verkefnum eftir þörfum.

með hliðsjón af 1. mgr. 117. gr. c í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja⁽²⁾, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið setja starfsreglur og ákveða skipan tækninefndar, sem skal skila skýrslum og rökstuddu álit, skv. 117. gr., 117. gr. a og 117. gr. b, áður en ákvarðanir eru teknar,

2. gr.

Tækninefndin skal samþykkja skýrslur sínar og rökstudd álit á grundvelli tækniskjala og rannsókna, ef þörf krefur. Hún getur farið fram á það að innlend yfirvöld láti henni í té nauðsynlegar upplýsingar svo hún geti framkvæmt verkefni sín á viðeigandi hátt.

með hliðsjón af áhrifum stækkunar Evrópusambandsins, þann 1. maí 2004, á starfsemi tækninefndarinnar.

3. gr.

1. Tækninefndin skal skipuð tveimur aðilum frá hverju aðildarríki, fastafulltrúa og varamanni hans. Ríkisstjórnarfulltrúi aðildarríkisins í framkvæmdaráðinu skal afhenda framkvæmdastjóra framkvæmdaráðsins tilnefningar frá hverju aðildarríki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíðindi EES nr. 118/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 12.

(¹) Stjórnartíðindi EES nr. 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 (Stjórnartíðindi EES nr. 100, 6.4.2004, bls. 1).

(²) Stjórnartíðindi EES nr. 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004.

2. Skýrslur og rökstudd álit skal samþykkja með einföldum meirihluta allra nefndarmanna tækninefndarinnar og hefur hvert aðildarríki eitt atkvæði sem fastafulltrúi greiðir eða varamaður hans í fjarveru hans. Tilgreina skal í skýrslum og rökstuddum álitum tækninefndarinnar hvort þau hafi verið samþykkt samhljóða eða fengið stuðning einfalds meirihluta. Í þeim skal tunda niðurstöður og fyrirvara minnihlutans sem kann að hafa myndast.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, eða einstaklingur sem hann tilnefnir, skal veita tækninefndinni ráðgjöf.

4. gr.

Með formennsku í tækninefndinni til hálfis árs í senn fer fastafulltrúinn eða annar tilnefndur embættismaður þess ríkis sem fer með formennsku í framkvæmdaráðinu á sama tímabili. Formaður tækninefndarinnar skal gefa skýrslu um störf hennar að beiðni formanns framkvæmdaráðsins.

5. gr.

Tækninefndinni er heimilt að koma á fót sérskipuðum vinnuhópum til að fjalla um tiltekin mál. Tækninefndin skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum slíkra vinnuhópa, gera grein fyrir tímamörkum og kostnaði sem af þessu hlýst, í vinnuáætluninni sem um getur í 7. gr.

6. gr.

Aðalskrifstofa framkvæmdaráðsins undirbýr og skipuleggur fundi tækninefndarinnar og sér um fundarritun.

7. gr.

Tækninefndin skal leggja ítarlega vinnuáætlun fyrir framkvæmdaráðið til samþykktar.

Tækninefndin skal enn fremur senda framkvæmdaráðinu árlega skýrslu um störf sín og árangur samkvæmt vinnuáætluninni, ásamt tillögum um breytingar á henni.

8. gr.

Fyrirhugaðar aðgerðir tækninefndarinnar, sem hafa í för með sér kostnað fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, eru háðar samþykki fulltrúa viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Tungumál tækninefndarinnar skulu vera þau sem eru viðurkennd sem opinber tungumál stofnana Bandalagsins í samræmi við 290. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

10. gr.

Viðbótarreglurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum hér á eftir skulu einnig gilda um tækninefndina.

11. gr.

Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar framkvæmdaráðsins nr. 169 ⁽¹⁾.

12. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. mars 2005.

Formaður framkvæmdaráðsins,

C.-J. VAN DEN BERG

framkvæmdastjóri.

(¹) Stjótíð. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46.

VIÐAUKI

VIÐBÓTARREGLUR FYRIR TÆKNINEFNDINA

1. Fundarseta

- a) Ef starfandi formaður kemst ekki á fund tækninefndarinnar, skal varamaður hans gegna formannsstarfinu.
- b) Nefndarmönnum er heimilt að hafa einn eða fleiri sérfræðinga með sér á fundi tækninefndarinnar ef slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt. Sú almenna regla gildir að í hverri sendinefnd séu ekki fleiri en fjórir einstaklingar.
- c) Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða aðili frá aðalskrifstofunni eða annar einstaklingur sem framkvæmdastjóri framkvæmdaráðsins tilnefnir skal sitja alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar. Enn fremur er fulltrúa frá öðrum deildum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna heimilt að sitja þessa fundi ef það hefur þýðingu fyrir málið sem er til umfjöllunar.

2. Atkvæðagreiðsla

- a) Ef fastafulltrúi í tækninefndinni gegnir stöðu formanns greiðir varamaður hans atkvæði í hans stað.
- b) Nefndarmaður, sem situr hjá við atkvæðagreiðslu, skal gera formanni grein fyrir ástæðunum fyrir því að hann situr hjá.
- c) Ef meirihluti viðstaddra nefndarmanna situr hjá skal líta svo á að tillagan, sem var lögð fram til atkvæðagreiðslu, hafi ekki verið tekin til greina.

3. Dagskrá fundar

- a) Aðalskrifstofan skal gera drög að dagskrá hvers fundar tækninefndarinnar í samráði við formann hennar. Áður en mál er tekið á dagskrá er aðalskrifstofunni heimilt, ef nauðsyn krefur, að óska eftir skriflegu álitni hlutaðeigandi sendinefnda á málinu.
- b) Í drög að dagskrá skal fyrst og fremst setja dagskrárlíði sem nefndarmaður eða fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna hefur sent aðalskrifstofunni óskir og, eftir því sem við á, greinargerð um að minnsta kosti 20 virkum dögum fyrir upphaf fundar.
- c) Senda skal nefndarmönnum í tækninefndinni, fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og öðrum sem vænta má að sitji fundinn drög að dagskrá eigi síðar en 10 virkum dögum fyrir upphaf hvers fundar. Senda skal gögn er varða einstaka dagskrárlíði til þeirra um leið og þau liggja fyrir.
- d) Við upphaf hvers fundar skal tækninefndin samþykkja dagskrá fundarins. Tækninefndin verður að samþykkja það samhljóða ef teknir eru á dagskrá aðrir líðir en þeir sem birtir eru í drögum að dagskrá. Nefndarmönnum í tækninefndinni er heimilt að draga fram að næsta fundi að láta uppi endanlega afstöðu sína um dagskrárlíði sem eru í drögum að dagskrá, nema brýnar ástæður krefjist annars, ef viðeigandi gögn liggja ekki fyrir á tungumáli þeirra fimm virkum dögum fyrir upphaf fundarins.

4. Sérskipaðir vinnuhópar

- a) Sérskipuðum vinnuhópum skal stýrt af sérfræðingi sem formaður tækninefndar tilnefnir í samráði við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða, að öðrum kosti, af þeim sérfræðingi sem er fulltrúi formennskuríkis framkvæmdaráðsins.
- b) Formaður sérskipaða vinnuhópsins skal kallaður á fundi tækninefndarinnar þegar skýrsla vinnuhópsins er til umræðu.

5. Stjórnunarleg málefni

- a) Formanni tækninefndarinnar er heimilt að gefa aðalskrifstofunni fyrirmæli varðandi fyrirhugaða fundi og framkvæmd starfa sem falla undir starfssvið tækninefndarinnar.
 - b) Aðalskrifstofan kallar tækninefndina saman í samráði við formann tækninefndarinnar með því að senda nefndarmönnum og fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna fundarboð 10 virkum dögum fyrir fundinn.
 - c) Haldin er fundargerð fyrir hvern fund og er almenna reglan sú að samþykka hana á næsta fundi.
-